



SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR hóf fiðlunám 5 ára gömul hjá GÍGJU JÓHANNSDÓTTUR í Barnamúsíkskólanum í Reykjavík. Hún lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1984 hjá GUÐNÝJU GUÐMUNDSDÓTTUR og bachelor-gráðu frá Curtis- tónlistarháskólanum í Fíladelphíu árið 1988 þar sem hún lærði hjá JAIMEE LAREDO og JASCHA BRODSKY. Samhliða námi þessu sótti hún einkatíma hjá hjónunum ALMITU og ROLAND VAMOS.

SIGRÚN hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna og m.a. unnið 2.verðlaun í LEOPOLD MOZART-keppninni árið 1987, bronsverðlaun í SÍBELÍUSAR-keppninni árið 1990 og 2.verðlaun í CARL FLESCHE-keppninni árið 1992. Það sama ár hlaut hún bjartsýnisverðlaun BRÖSTE. Hún hefur komið víða fram sem einleikari og í Kammertónlist, m.a. á Marlboro tónlistarhátíðinni í Vermont í Bandaríkjunum. L´emperi tónlistarhátíðinni í Aix-en-Provence og Sangat tónlistarhátíðinni í

Bombay á Indlandi. Einnig er hún reglulegur gestur á hátíðinni "Music Festivals at Sea" á vegum P&O skipafélagsins og hefur siglt um heimsins höf með þeim og heimsótt framandi staði á þeirra vegum. Hún hefur komið fram sem einleikari í Weill Recital Hall í New York og Wigmore Hall í London. Árið 2005 flutti hún allar sönötur BEETHOVENS fyrir fiðlu og píanó á Listahátíð í Reykjavík.

SIGRÚN hefur yndi af að leika nýja tónlist og hafa nokkur tónskáld samið sérstaklega fyrir hana verk og tileinkað henni. Hennar er getið sem einn af áhugaverðustu fiðluleikurum framtíðarinnar í bók HENRY ROTH: Violin Virtuosos from Paganini to the 21st Century sem kom út árið 1997 og einnig í tónlistartímaritinu Le Monde de la Musique árið 1998. Það ár var SIGRÚN sæmd riddarakrossi hinnar Íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði tónlistar. Hún var fengin til þess að gestaleiða í konunglegu Dönsku óperunni síðastliðið vor í uppfærslum á Elektru eftir Richard Strauss.

SIGRÚN hefur gegnt stöðu 1.konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1998 og hefur margoft komið fram sem einleikari með hljómsveitinni, síðast í fiðlukonserti SIBELIUSAR í október 2008. Á þessu ári fór hún ásamt Selmu Guðmundsdóttur í tónleikaferðalag til Kína.